

## Siðfræði og sál. Heimspeki Vilhjálms Árnasonar

Árið 2008 gaf Vilhjálmur Árnason (f. 1953) út merka bók um heimspeki með sérstakri áherslu á siðfræði, Farsælt líf, réttlátt samfélag (Rvk. 2008). Hér er leitast við að gera heimspeki hans skil eins skilmerkilega og kostur er. Því er gripið til þess að vísa beint til orða hans án nokkurra frekara mats á gildi orða hans.

Vilhjálmur setur kunna sálarkenningu forngríska heimspekingsins, Platons, með þessum hætti:

„Sálarkenning Platons:

Sálarhluti:	Hlutverk:	Dygð	Ánægja	Stétt:
Skynsemi	að stjórna	viska	þekking	stjórnendur
Skap	að framkvæma að varðveita	hugrekki	metorð	varðmenn
Langanir	að framleiða	hófsemi	gróði/nautn	fjáraflamenn

Markmið: réttlæti (rétt samstilling sálarþátta og stétta)“

„Aristóteles flokkaði þekkingu eftir viðfangsefnum og hlutverkum. Annars vegar er fræðileg þekking (theoria) eða bókvit sem varðar skilning á lögmálum þeirra fyrirbæra sem manneskjan ræður engu um, svo sem eðlifræði og líffræði. Hins vegar er verkleg þekking á viðfagnefnum sem við getum haf áhrif á með framleiðslu (poiesis) og breytni (praxis). Verkleg þekking greinist því í kunnáttu eða verksvit (téchne), sem er færni til að framleiða hluti okkur til gagns eða ánægju, svo sem verkfræði og skáldskaparfræði, og hyggindi eða siðvit (frónesis) sem varðar forsendur góðra samskipta og farsæls mannlífs, svo sem siðfræði og stjórnspeki.“ (s. 28)

„Hann [Aristóteles] hafnar þeirri kenningu Platons að siðferðileg dómgreind krefjist þekkingar á hinu Góða, sem sé óháð reynslu, skapgerð og aðstæðum einstaklingsins.....Það sem máli skiptir í siðfræðinni, að mati Aristótelesar, eru þau gæði sem menn geta höndlað í lífinu sjálfu og öðlast þekkingu á með rannsókn á því. Markmiðið er þó í sjálfu sér ekki siðfræðileg þekking, heldur siðferðileg breytni.“ (s. 29)

„Tilgangshyggja eða markhyggja er sú kenning að öll starfsemi stefni að einhverju eftirsóknarverðu markmiði.“ (s. 30)

„Mannleg farsæld felst því í sálarvirkni (energia) sem stjórnast af skynsemi og er í samræmi við dygd.....Hinn dygdugi maður Aristótelesar er því ekki einungis dygdugur; hann þarf einnig að vera lánsamur.“ (s. 31)

„Í meginatriðum skiptir hann sálinni í tvennt, í skynsemishluta og skynleysishluta. Skynsemishlutinn greinist síðan í fræðilega skynsemi og verklega en skynleysishlutinn í næringarhluta og hvatahluta.....greinir Aristóteles milli vitrænna dygða og siðrænna dygða.“ (s. 31)

„Vitranar eru dygðir skynsemishluta sálarinnar, svo sem viska, skilningur og hyggindi.....Siðranar dygðir snúast aftur á móti um athafnir og kenndir sem og þá ánægju og sárauka er þeim fylgja.....siðranar dygðir eru afsprengi venjubundinnar hegðunar, félagsmótunar og uppeldis sem agar hvatahluta sálarinnar.“ (s. 32)

„Gott listaverk ber kosti sína í sjálfu sér og við metum það sem slíkt án þess að vita nokkuð um eiginleika eða ástand listamannsins. Þegar um siðferðilega breytni er að ræða getum við aftur á móti ekki dæmt um ágæti hennar nema við vitum eitthvað um uppsprettur hennar í gerandanum. Aristóteles nefnir þrennt sem gerandinn verður að hafa til að bera eigi breytni hans að teljast góð.....verði...að búa yfir þekkingu.....verði að ákveða gerðir sínar og velja þær þeirra sjálfra vegna....að vera öruggur og staðfastur í breytni sinni ....“ (s. 33)

„.....sérstöðu siðferðilegrar breytni út frá eigingildi hennar....Tæknileg athöfn er aftur á móti valin vegna þeirra áhrifa sem hún hefur á viðfangsefnið og hefur eins konar verkfærisgildi.“ (s. 34)

„Stóumenn, sem komu fram á svipuðum tíma og epikúringar, voru ósáttir við hóglífisspeki þeirra og töldu sig boða metnaðarfullri siðfræði en þeir.“ (s.47)

„Uppistaða hinnar aristótelisku heimsmyndar er sú hugsun að heimurinn sé ein órofa heild, þar sem allir hlutir og allar verur hafa ákveðna stöðu sem ræðst af eðli þeirra eða tilgangi. Samkvæmt þessari tilgangshyggju lýtur heimurinn því ákveðnum meginlögmálum, hefur skiljanlega og skynsamlega skipan. Siðfræði Aristótelesar er óaðskiljanlegur hluti af þessari heildarhugsun og hún miðast við að hjálpa manningum að rækja hið náttúrulega hlutverk sitt að ná fullum þroska sem líffræðileg vera, siðferðisvera og félagsvera.....öðlast síðar yfirmáttúrulega réttlætingu í kristinni trú, þar sem siðaboðin njóta fulltingis Guðs almáttugs og manneskjan nær fyllingu lífs síns á himnum eins og Tómas frá Akvínó boðaði.“ (s.65)

Thomas Hobbs: „Hreyfiöfl mannsins séu langanir og andúð. Við ýmist drögumst að eða hörfum undan fyrirbærunum eftir því hvort þau vekja með okkur óbeit eða ílöngun. En undirrót þessara tilhneinginga er sjálfsbjargarviðleitnin, sem ræður jafnt breytni manna sem dómum þeirra um hlutina. „Gott“ kall menn það sem þá langar í, en „illt“ það sem þeir forðast. Ekkert er því gott í sjálfu sér, heldur öðlast það gildi fyrir hvern og einn eftir því hvernig það stuðlar að afkomu hans eða varðveislu. Sjálfsbjargarhvötin er því allsráðandi í fari mannsins; hver er sjálfum sér næstur og reynir að tryggja eigin afkomu eins og náttúran býður honum.“ (s. 66)

„.....bylting í sögu siðfræðinnar. Hobbes var fyrstur manna til þess að ráða jafnan rétt manna af einni saman jarðlegri viðleitni þeirra til að lifa af og hafa svigrúm til umsvifa sem efnislegar verur.“

John Locke: „.....útlísta þau réttindi einstaklinganna sem hann kallar náttúruleg og þau náttúrulög sem standa vörð um þessi frumréttindi. Ólíkt Hobbs hélt Locke því fram að náttúrrétturinn hefði siðferðilegt inntak og að því leyti er kenning hans meira í ætt við skólaspeki Tómasar frá Akvínó.“ (s. 74)

„.....taldi Hume

„siðferðið ekki eiga rætur sínar í skynsemi manna eða hyggindum, heldur væri það öðru fremur tilfinningamál. Hann taldi raunar að allt siðferðilegt mat á mönnum væri fólgið í þeim tilfinningum sem hræst með okkur þegar við bregðumst vel eða illa við eiginleikum þeirra. Þetta er bæði af því að Hume telur skynsemina ekki hræra menn til breytni og vegna þess að

hann álitur skynsemina einungis geta felld dóma um staðreyndir og tengsl hugmynda en ekki gildisdóma.“ (s. 80)

„...það viðhorf Innanuels Kant að siðferðisgildi athafna væri óháð aðstæðubundnum afleiðingum þeirra og hefði ekkert með hamingju manna að gera. Kant leggur út af góðum vilja sem birtist í virðingu fyrir siðalögmálinu og persónunni. Með þessari afstöðu greini Kant sig með róttækum hætti frá forverum sínum. Aristóteles setur siðferði sína að miklu leyti fram í formi heilræða til þess að mönnum farnist vel og Hobbes lítur á siðaboð sem eins konar tækniboð, nauðsynlegar leiðir til að tryggja frið og öryggi. Hume vísaði til þeirrar ánægju og nytsemi sem menn hafi af siðferðileg lífi. Kant telur aftur á móti að hyggindi og forsjálni manns sé engin trygging fyrir réttri breytni og ekki nægi heldur að treysta á mannlega samhygð og eðliskosti. Það eina sem hægt sé að reisa raunverulega siðferðishugsun á sé hugsjónin um að menn geri það sem þeim ber, án skilyrða eða mats á afleiðingum. Afdráttarlaus siðfræði Kants sker sem sé á tengsl farsældar og siðferðis en þau hugtök höfðu alla tíð verið mjög nán í sögu siðfræðinnar.“ (s. 105)

„Út frá nytjastefnunni virðist samt vera hægt að réttlæta það að einum sé fórn að ef það gagnast fjöldanum. Og þessi þverbrestur, sem gengur undir heitinu blóravandinn, er sagður vera fólgin í sjálfri meginreglu nytjastefnunnar, að réttmæti afhafnar ráðist af þeim afleiðingum sem hún hefur fyrir almenna hamingju. Hér virðist þurfa að gera greinarmun á velferð og réttlæti.“ (s. 112)

„Heilindavandi nytjastefnumanna felst í því að geta ekki átt raunverulega ástvini eða ófrávíkjanlegar hugsjónir því að þeir séu alltaf opnir fyrir því, að kasta slíku frá sér fyrir aukna velferð. Nytjastefnumaðurinn Kristján Kristjánsson...“

„Hegel vitnar með velþóknun í orð sem eignuð eru Pýþagóراسi: „Gerðu barnið að borgara ríkisins með réttlátum lögum“. Þessi hugmynd er í rauninni rökrétt niðurstaða af greiningu Hegels á mannlegu siðferði. Hann bendir á að siðviljinn þurfi að eiga rætur í einstaklingi sem hlotið hefur gott uppeldi. Uppeldið verður þá aðeins gott að stofnanir samfélagsins séu góðar og réttlátar. Með þessu móti upphefst andstæða siðviljans og siðmenningarinnar því frelsið hefur ekki bara greypst inn í sjálfsvitundina heldur í veruleikann sjálfan. Hugsjónir einstaklinganna um frelsis og réttlæti eru þá orðnar að veruleika í ríkinu. Siðvilji einstaklingsins hefur enga ástæðu til að spyrna við umhverfinu því það er vettvangur frelsis og skynsemi. Þegar einstaklingsviljinn rennur frjáls fram í félagslegum farvegi sínum, þá höfum við raungert hið góða, en það er „frelsið í framkvæmd“, eins og áður var vikið að. Slík er fylling hugmyndarinnar um mannlegt siðgæði.“ (s. 142.)

„Líkt og Marx greindi efnislegar forsendur skapandi mannlífs má segja að Daninn Sören Kierkegaard (1813-1855) einbeitti sér að andlegum forsendum þess að við getum lifað heilu og kærleiksríku lífi.....sannfærður um að sú leið sem Kristur opnaði mannum sé eina leiðin sem hann geti fetað til þess að verða heil manneskja.“ (s. 161)

„Gagnrýni Nietzsches vegur [...] að sjálfum rótum kristins siðferðis. Þess vegna telur Nietzsche mikilvægt að yfirstíga siðferðið sem slíkt og ástunda róttæka sjálfssköpun; tilhugsunin um að vera borinn uppi af sameiginlegri siðmenningu er honum óþolandi. Frjálsir andar hafna almennu siðferði vegna þess að það heftir sköpunarkraft þeirra og byrgir þeim sýn á ríkidæmi lífsins.“ (s.192)

„Siðagreining Nietzsches er öflug gagnrýni á söguleg og félagsleg lífsform og stofnanir sem hafa átt að tryggja framgang siðferðilegra hugsjóna. Hann afhjúpar miskunnarlaust þau öfl sem leitast við að tryggja völd sín með siðferðilegar hugmyndir að yfirvarpi.“ (s. 193)

„Rökfræðileg raunhyggja féllst á skýringar raunvísinda á veröldinni og taldi hlutverk heimspekinnar takmarkast við að greina þau meginhugtök sem beitt væri í vísindalegri þekkingarleit. Heimspekin væri húskarl vísindanna. Þessi heimspeki hafði ekkert um lífsreynslu fólks eða tilgang mannlífsins að segja, heldur einbeitti sér að greiningu á skilyrðum þess að staðhæfingar okkar um heiminn hefðu merkingu. Það var tímanna tákn að leiða tungumálið til öndvegis í siðfræði því að með því að afmarka þannig meginviðfangsefni heimspekilegrar siðfræði stuðlaði merkingargreiningin einkum að tvennu. Annars vegar varð siðfræði eins og hver önnur heimspekiiðkun þar sem menn einbeittu sér að málgreiningu og höfðu skýrleika og nákvæmni í meðferð hugtaka í fyrirrúmi. ... Á hinn bóginn urðu þessi nýju vinnubrögð til þess að siðfræðin fjarlægðist raunhæf siðferðilega vandamál sem brenna á fólki.“ (s. 220)

„Það er sérkennileg togstreita í tilvistarsiðfræðinni, einkum eins og hún birtist í fyrri ritum Sartres og hjá Beauvoir. Annars vegar leggja þau áhersla á að siðferði sé sköpunarverk hvers einstaklings og hins vegar að það feli í sér algildar kröfur. Þau líkja siðferðilegri ákvörðun við listræna athöfn, en segja jafnframt að hún sé öðrum tilfyrirmyndar. Þau telja bæði að Kant hafi lagt hornstein siðferðisins þegar hann gerði sjálffræði viljans að þungamiðju en hafna þeim skynsemislögmálum sem kenning hans hvílir á.“ (s. 243)

„Dygðafræði sem sker á öll bönd við siðferðilega lögmálshugsun á í vandræðum með að gera skynsamlega grein fyrir mannlegu siðferði. Það er mikið til í gagnrýni dygðafræðanna á lögmálshyggju í siðfræði sem tekur hvorki tillit til aðstæðna né veltir fyrir sér spurningum um gott mannlíf. ....Dygðir eru nauðsynlegur hluti góðs siðferðis en þær duga ekki til.“ (s. 264)